



Regluverk um búfjárbeit – sjónarmið matvælaráðuneytis.

Vegna umræðna og fyrirspurna um mál sem tengjast reglum um búfjárbeit (einkum sauðfjár) vill matvælaráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri við sveitarfélög.

Ráðherra átti fund með fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga í lok ágúst sl. þar sem þessi mál voru til umræðu en í ljósi endurtekinnna fyrirspurna vill ráðuneytið koma ákveðnum sjónarmiðum á framfæri. Ljóst er að þetta efni á ekki við öll sveitarfélög en þar sem ráðuneytið hefur ekki yfirlit um þá stöðu, eru þessi skilaboð send þeim öllum til upplýsinga, með þeim tilmælum að koma þeim á framfæri innan síns stjórnkerfis, þar sem það á við

Fyrir liggja álit umboðsmanns Alþingis 11167/2021 frá 11. október 2022, úrskurður dómsmálaráðuneytisins frá 11. janúar 2023 og álit innviðaráðuneytisins frá 23. júní 2023 sem varða framkvæmd lagaákvæða um búfjárbeit og ágangsfé. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur jafnframt reifað sín sjónarmið í minnisblaði til sveitarfélaganna 3. febrúar 2023.

Sumarið 2023 hafa bæði landeigendur og sveitarfélög komið því á framfæri við matvælaráðuneytið að framkvæmd lagaákvæða um búfjárbeit og ágangsfé hafi verið vandkvæðum bundin. Sveitarfélög hafa í einhverjum tilfellum ekki smalað ágangsfé á jörðum með vísan til þess að lögin séu óskýr. Lögreglustjórar hafa heldur ekki smalað m.a. í ljósi þess að mál hafi ekki verið fullafgreidd á vettvangi viðkomandi sveitarfélags. Landeigendur telja hins vegar skyldur sveitarfélaganna skýrar og kalla eftir aðgerðum.

Sú hugmynd hefur komið fram að stofna ætti starfshóp hagaðila um efnið þ.e. ráðuneyta, samtaka sveitarfélaga og samtaka bænda. Ráðuneytið telur ólíklegt að slíkur hópur næði sameiginlegri niðurstöðu, m.a. í ljósi þess að aðstæður og fyrirkomulag beitarstjórnunar eru afar mismunandi eftir landshlutum og gefa verður sveitarfélögum og hagaðilum svigrúm til að útfæra lausnir sem henta á hverjum stað. Af þeim sökum mun matvælaráðuneytið að svo stöddu ekki beita sér fyrir því eða gefa út samræmdar leiðbeiningar um túlkun fjallskilalaga eða laga um búfjárhald, eins og skýrt var tilgreint á fundinum með Sambandi sveitarfélaga í lok ágúst. Ráðuneytið vill þó hvetja sveitarfélög þar sem þessi mál koma til umfjöllunar að taka eftirtalin atriði til skoðunar.

- Að koma á skipulegu samstarfi sveitarfélaga um þessi mál meðal annars til að leita sameiginlegra lausna og deila þekkingu þar sem hún getur haft almennt gildi
- Að fara yfir hvort til séu uppfærðar afréttarskrár í sveitarfélaginu sbr. ákvæði 6. gr. fjallskilalaga, til þess að ótvírætt sé hvaða svæði innan þeirra séu afréttir og hægt sé að beita ákvæðum fjallskilalaga sem til þeirra taka
- Að yfirfara og eftir atvikum endurskoða fjallskilasamþykktir með skipulegum hætti, með það að markmiði að nota örugglega þau verkfæri sem eru í fjallskilalögum

Þó lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. séu komin til ára sinna eru reglurnar að mestu leyti skýrar að mati ráðuneytisins og mikilvægt að sveitarfélögin nýti þau verkfæri sem þau hafa samkvæmt lögnum til að skýra réttarástandið, til hagsbóta fyrir landeigendur, bændur og raunar alla íbúa sveitarfélaganna.

Febrúar 2024

